

Þórhildur Steingrímsdóttir (1908-2002), íþróttakennari

Afhending 2021/33

Þórhildur Steingrímsdóttir fæddist í Fnjóskadal 31. mars 1908. Foreldrar hennar voru Steingrímur Þorsteinsson (1881-1962) og Tómasína Tómasdóttir (1884-1971).

Þórhildur flutti með foreldrum sínum til Akureyrar þar sem hún stundaði nám og æfði fimleika. Hún útskrifaðist með gagnfræðapróf frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri 1922 og fór í nám í íþróttfræðum í Finnlandi 1932.

Þórhildur kenndi íþróttir við Menntaskólann á Akureyri 1944-1948 og svo aftur 1953-1962.

Þórhildur var í stjórn Kvenfélags Akureyrarkirkju í mörg ár og var virkur félagi í Zontaklúbbi Akureyrar frá stofnun hans 1949, til dauðadags. Þórhildur söng einnig lengi í Kantötukór Akureyrar.

Árið 1931 giftist Þórhildur Hermanní Stefánssyni (1904-1983) íþróttakennara. Þau eignuðust tvo syni.

Afhendingin barst frá Sigurði Helga Oddssyni. Þetta er eina afhendingin sem hefur borist úr fótum Þórhildar.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
8. mars 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2021 / 33

A-Þórhildur Steingrimsdóttir

A-Þórhildur Steingrimsdóttir

1964 - 1991

A	1	1	1964 - 1991	Afmæliskveðja á 50 ára afmæli Kvenfélags Akureyrarkirkju (1988); kveðja til nema við dimmiteringu í M.A (óárs.); nótnabók merkt "Margrét Jóhannsdóttir", útfyllt (óárs.); bréf frá Kvenfélagi Akureyrarkirkju (1991); handskrifuð ræða (sennilega, óheilt, óárs., en mögulega frá 1973); minnisbók, inniheldur m.a. punkta um leikfimipróf, handskrifaða ræðu frá afmæli Kvenfélags Akureyrarkirkju og minnispunkta v. fundarstjórnar hjá kvenfélaginu (1964-1969)
---	---	---	-------------	--